

Leiðbeiningar við útfyllingu á framtölum einstaklinga

Náms-, rannsóknar og vísindastyrkir, þ.m.t. styrki til endurmenntunar og starfsmenntasjóðsstyrkir

Styrkina skal færa í kafla 2.3 - reit 131, en eru í flestum tilfellum forskráðir.

Frádrátt á móti styrkjunum skal færa í kafla 2.6 – reit 149. Gera þarf sundurliðaða grein fyrir styrkjunum, en sérstakt undirblað er í vefframtalínu sem opnast þegar smellt er á **Færa frádrátt**. Frádrátturinn getur aldrei orðið hærri en styrkurinn.

Sjúkra- og dagpeningar, styrkir úr styrktar- og sjúkrasjóðum stéttarfélagi, líkamsræktarstyrkir, ættleiðingarstyrkir og aðrir styrkir

Styrkina skal færa í kafla 2.3 – ótölusettur reitur, en eru í flestum tilfellum forskráðir.

Frádrátt á móti styrkjunum skal færa í kafla 2.6 – reit 157. Gera þarf sundurliðaða grein fyrir styrkjunum, en sérstakt undirblað er í vefframtalínu sem opnast þegar smellt er á **Færa frádrátt**.

Frádráttur vegna líkamsræktar og endurhæfingar (sjúkraþjálfun, nudd, nálastungur og kírópraktor) er heimilaður, að hámarki **55.000 kr.** (m.v. árið 2018) og skal færa hann hér.

Ekki er heimilt að færa frádrátt á móti styrkjum (persónuleg útgjöld), vegna gleraugnakaupa, heyrnartækjakaupa, glasafrjógunar, krabbameinsskoðunar, tannviðgerða, sálfræðiþjónustu og útfarar.

Greiðslur vegna örorku og dánarbóta (skattfrjálsar tekjur)

Greiðslurnar skal færa í kafla 2.9 – reit 73, en eru í flestum tilfellum forskráðar.

Afdregin staðgreiðsla færast í kafla 2.10 – reit 296